



Fjölskyldustefna Grundfirðinga
Samþykkt af bæjarstjórn Grundarfjarðar
15. maí 2006



FJÖLSKYLDUSTEFNA GRUNDFIRÐINGA

Unnin af íbúum Grundarfjarðar og stýrihópi um mótun fjölskyldustefnu veturinn 2005 - 2006

Útgefandi Grundarfjarðarbær 2006

Uppsetning og hönnun merkis: Vatnsbúðingur ehf.

Prentun: Steinprent ehf.

Skýrslan er prentuð á Galerie Art pappír sem hefur verið yfirfarinn af vottunaraðilum Svansins, norræna umhverfismerkisins.

Grundarfjarðarbær er aðili að Green Globe, sameiginlegu umhverfissvottunarverkefni sveitarfélaganna á Snæfellsnesi.



Efnisyfirlit

1	INNGANGUR	2
1.1	Mótun fjölskyldustefnu	3
1.2	Hvers vegna fjölskyldustefna?	3
2	FRAMTÍÐARSÝN	4
3	KJARNI FJÖLSKYLDUSTEFNUNNAR	5
3.1	Samvera	6
3.2	Þátttaka	6
3.3	Öryggi	7
3.4	Stuðningur	8
4	LEIÐIR AÐ MARKMIÐUM FJÖLSKYLDUSTEFNUNNAR	9
4.1	Það þarf heilt þorp til að ala upp barn	9
4.2	Fjölbreytt félagsstarf fyrir alla aldurshópa	15
4.3	Nýir Grundfirðingar í fjölmenningsamfélagi	20
4.4	Eldri borgarar	21
4.5	Umferð og aðgengi	22
4.6	Grundarfjarðarbær sem vinnuveitandi	23
5	ÁRANGURSMAT OG EFTIRFYLGNI	24
5.1	Árangursmat	24
5.2	Eftirfylgni	25
6	VIÐAUKAR	28
6.1	Hlutverk á æviskeiðinu	28
6.2	Hver er staðan og hvað þarf til?	30
6.3	Vísar	33

1 INNGANGUR

„Fjölskyldan er hópur einstaklinga sem á sameiginlegt heimili þar sem þeir deila tómstundum, hvíld, tilfinningum, efnahag, ábyrgð og verkefnum. Meðlimir eru oftast fullorðnar manneskjur af báðum kynjum, eða einstaklingur, ásamt barni eða börnum (þeirra). Þeir eru skuldbundnir hvorum öðrum í siðferðilegri gagnkvæmri hollustu“.

Þannig hljóðar sú skilgreining á fjölskyldunni sem stuðst er við í þingsályktun um mótun opinberrar fjölskyldustefnu sem samþykkt var á Alþingi þann 13. maí 1997.

Við mótun Fjölskyldustefnu Grundfirðinga hefur þessi skilgreining verið höfð til hliðsjónar, en jafnframt það að stefnan nái til allra einstaklinga í samfélaginu, hverjar sem búsetuaðstæður þeirra eru. Þannig tekur fjölskyldustefnan einnig til þeirra sem búa einir, óháð því hvort þeir eiga börn eða ekki og á hvaða aldri þeir eru.

Framsetning fjölskyldustefnunnar í þessu skjali er með þeim hætti að fyrst er lýst þeirri framtíðarsýn sem stefnt er að. Þá kemur „Kjarni fjölskyldustefnunnar“ þar sem helstu áherslum í stefnunni eru gerð skil og því næst er kafli um leiðir.

Í fimmta kafla er fjallað um árangursmat og eftirfylgni og í viðaukum er meðal annars að finna skilaboð frá fundum vegna mótunar fjölskyldustefnu. Einn viðaukakafla er helgaður nánari umfjöllun um vísa.



Í þessum römmum er að finna lýsingu á verkefnum fjölskyldustefnunnar.



Hugmyndir að verkefnum:

- Eru efniviður fyrir áframhaldið, en ekki verkefni sem ákveðið hefur verið að ráðast í.

1.1 Mótun fjölskyldustefnu

Stýrihópur um mótun fjölskyldustefnu var skipaður í apríl 2005 og hefur hann leitt starfið. Öllum íbúum var gefinn kostur á að taka þátt í vinnu við mótun stefnunnar. Efnit var til almennra funda um viðfangsefnið og í framhaldi af því störfuðu vinnuhópar sem unnu með málefni mismunandi aldurshópa. Einnig var stuðst við efnivið frá íbúabingi sem haldið var í mars 2005 og frá forvarnafundi í október 2005. Ráðgjafarfyrtækið Alta starfaði fyrir stýrihópinn. Á baksíðu er að finna lista yfir nöfn þeirra sem sátu í stýrihópi og þeirra sem stýrðu vinnuhópum.

Opnir fundir vegna mótunar fjölskyldustefnu voru tveir. Sá fyrri var við upphaf vinnunnar, í lok nóvember 2005, og sá síðari markaði upphafið að starfi vinnuhópa og var hann haldinn í janúar 2006. Á hvorn fund um sig mættu um 50 manns. Um 45 manns á aldrinum 14 – 75 ára störfuðu síðan í vinnuhópum.

1.2 Hvers vegna fjölskyldustefna?

Hvað ræður því hvar fólk kys að búa? Atvinna, þjónusta, góðir skólar og gott samfélag eru þættir sem skipta miklu um lífsgæði íbúanna. Sveitarfélag sem leggur áherslu á gott og fjölskylduvænt samfélag stendur auk þess betur að vígi í samkeppni við önnur sveitarfélög um fólk og fyrirtæki. Þess vegna vill Grundarfjarðarbær vinna að því að hér sé samfélag þar sem fólk líður vel og hlúð er að fjölskyldunni sem einingu.

Fjölskyldustefna er verkfæri til að hámarka lífsgæði og árangur í samfélaginu, forgangsraða og styrkja enn frekar ímynd og samkeppnisstöðu bæjarins.





2 FRAMTÍÐARSÝN

Framtíðarsýnin er þessi:

Í Grundarfirði ríkir viðtækur skilningur á verðmæti samfélagslegra gilda. Íbúar, félagasamtök, fyrirtæki og stofnanir vinna saman að því að efla og standa vörð um fjölskylduvænt samfélag. Bæjarfélagið skapar skilyrði og styður en sýnir ekki forræði.

Í Grundarfirði láta íbúar sig samborgara sína og samfélagið varða. Sú hugsun er ríkjandi að axla ábyrgð fremur en að láta öðrum það eftir.

Velferð barna og ungmenna hefur forgang.

Sóknarhugur Grundfirðinga birtist jafnt í efnahagslegum áherslum og vilja til að hlúa að gildum fjölskyldu og samfélags.


Þannig aukast lífsgæði íbúa og verðmætasköpun, sem er til þess fallið að laða að nýja íbúa.

Þessir þættir eru þegar til staðar í Grundarfirði og með fjölskyldustefnunni er verið að:

- Stefna að því að gera enn betur.
- Vekja til vitundar um að samfélagslegir kostir gera Grundarfjörð sterkari.
- Skilgreina fjölskylduvænt samfélag sem samstarfsverkefni.
- Viðurkenna að nauðsynlegt er að standa vörð um þau verðmæti sem felast í fólki sem lætur sig samfélagið varða.



3 KJARNI FJÖLSKYLDUSTEFNUNNAR



Þeir sem mynda samfélagið Grundarfjörð bera sameiginlega ábyrgð á andlegri og líkamlegri líðan einstaklinga á öllum aldri.

Saman stuðla íbúar að vellíðan allra með því að leggja rækt við samveru, þátttöku, öryggi og stuðning.

3.1 Samvera

Íbúar leggja áherslu á samveru fjölskyldu og kynslóða.

Markmið

Foreldrar hafa tækifæri til virkrar þátttöku í lífi og starfi barnanna og öfugt.

Lögð er áhersla á að rækta tengsl milli kynslóða.

Félagsstarf og viðburðir í samfélaginu bjóða almennt upp á samveru einstaklinga og fjölskyldna og allra kynslóða.

Skilningur og virðing ríkir milli íbúa af ólíkum menningarlegum uppruna og boðið er upp á margvísleg tækifæri til samskipta og samveru.

Ungt fólk á aldrinum 14 – 20 ára annars vegar og eldri borgarar hins vegar hafa aðgang að skipulögðum vettvangi fyrir samveru og félagsstarf og eru virkir þátttakendur í mótun og umsjón starfsins.

Aðstaða til íþróttta og útivistar tekur mið af fjölbreyttum þörfum ólíkra aldurshópa og stuðlar að fjölskyldusamveru.

3.2 Þátttaka

Íbúar eru virkir þátttakendur í samfélaginu, eru gerendur en ekki aðeins þiggjendur.

Markmið

Hvatt er til frumkvæðis íbúa og virkjuð sú auðlind sem býr í hæfileikum og þekkingu þeirra einstaklinga sem hér búa.

Börn og unglingar fá tækifæri til að starfa í og kynnast atvinnustarfsemi í bæjarfélaginu.

Í félags-, menningar- og tólmundastarfi er það haft að leiðarljósi að virkja breiðan hóp til þátttöku.

Við byggingu íþróttamannvirkja og skipulag íþróttastarfs er lögð áhersla á heilsueflingu og líkamsrækt, jafnt sem hefðbundnar keppnisíþróttir.

Tekið er mið af fjölbreyttum þörfum íbúanna við hönnun stíga, útivistar- og leiksvæða.



3.3 Öryggi

Íbúar búa við öryggi í ytra umhverfi og í samfélagi við aðra og eiga þátt í að stuðla að öryggi annarra.

Markmið

Íbúar sýna gott fordæmi í samskiptum og lífsháttum sérstaklega gagnvart börnum og ungmönnum.

Umferðarmenning í Grundarfirði er góð og íbúar leggja áherslu á að virða umferðarreglur. Sérstök áhersla er á að tryggja öryggi barna í umferðinni.

Gott aðgengi er að götum, gangstéttum, stígum og stofnunum, þ.m.t. fyrir hreyfihamlaða.

Nágrannar eru vakandi fyrir því ef óvenjulegt ástand skapast og tilbúnir að bregðast við.

Íbúar búa við trausta og örugga heilbrigðis- og félagsþjónustu og upplýsingar um þjónustuna eru aðgengilegar.

Virkt samstarf er milli lögreglu, bæjaryfirvalda og helstu stofnana samfélagsins til að sporna gegn óæskilegri hegðun.

3.4 Stuðningur

Íbúar hafa aðgang að virku stuðningsneti til sjálfshjálpar og leggja jafnframt sitt af mörkum í að styðja aðra í samfélaginu.

Markmið

Grundfirðingar leggja sig fram um að vera góðir uppalendur. Þetta á við um einstaklinga, stofnanir, fyrirtæki, félagasamtök og bæjaryfirvöld.

Fyrirtæki og stofnanir í Grundarfirði, þ.m.t. Grundarfjarðarbær, styðja virka fjölskyldustefnu og gera starfsmönnum sínum kleift að búa við jafnvægi milli vinnu og einkalífs.

Aðlögun að breytingum í átt til fjölpjóðlegs samfélags á sér stað með víðtækri samvinnu.

Á öllum skólastigum er það haft að leiðarljósi að styðja til sjálfshjálpar. Heimili veita börnum virkan stuðning varðandi skólastarf.

Þeim eldri borgurum sem þess óska er gert kleift að búa í eigin húsnæði sem lengst og hafa góðan aðgang að öðrum úrræðum þegar það er ekki lengur kostur.

Grundarfjarðarbær vill stuðla að því að dagvistun hjá dagforeldrum sé í boði þegar fæðingarorlofi foreldra lýkur.



4 LEIÐIR AÐ MARKMIÐUM FJÖLSKYLDUSTEFNUNNAR

4.1 Það þarf heilt þorp til að ala upp barn



4.1.1 Samræmd agastefna

Tekin verður upp svokölluð samræmd agastefna í öllum skólum og forvarnastarfi. Foreldrum 2ja til 12 ára barna verður boðið upp á námskeið sem eflir þá í foreldrahlutverkinu og einnig verða sérstök námskeið fyrir starfsmenn skólanna.

Tími: Upphaf haustið 2006. Fimm ára verkefni.

Ábyrgð: Bæjarstjórn skipar starfshóp sem í sitja leik- og grunnskólastjórar auk fulltrúa frá heilsugæslustöð og kirkju.



Hugmyndir að verkefnum:

Stuðlað verði að samvinnu milli foreldra, t.d. gerðir foreldrasamningar um reglur.

- Hvatt verði til almennrar umræðu um tölvu- og sjónvarpsnotkun barna, með tilliti til klámvæðingar og ofbeldis og áhrif þess á hugarheim barna. Sjá t.d. www.saft.is.
- Spornað verði við foreldralausum partíum.
- Haldin verði hjónanámskeið, t.d. á vegum kirkjunnar.



4.1.2 Dagvistun

Fjöldi dagforeldra sé ávallt nægur til að koma til móts við eftirspurn. Grundarfjarðarbær vill stuðla að því með eftirtöldum leiðum:

- Námskeið fyrir dagforeldra verði aðgengileg og námskeiðskostnaður niðurgreiddur.
- Vistun hjá dagforeldrum er niðurgreidd.

Tími: Er þegar unnið að.

Ábyrgð: Bæjarstjórn.



4.1.3 Leik-, grunn- og tónlistarskólar

Leik- og grunnskólar gegna lykilhlutverki við framkvæmd fjölskyldustefnu, með verkefnum sem tíunduð eru hér á eftir. Tónlistarskólinn hefur að nokkru leyti aðrar áherslur í starfi sínu, en tekur þó þátt í eftirfarandi verkefnum eftir því sem við á.

A. Verkefni skólanna:

SAMVERA

- Opnir dagar í skólanum, sýningar og tónleikar.
- Vinnustaðaheimsóknir nemenda.
- Samstarf við Félag eldri borgara um verkefni sem stuðla að samveru og gagnkvæmri fræðslu milli kynslóða.

ÞÁTTTAKA

- Að nemendur taki þátt í sýningum, tónleikum og öðrum viðburðum.
- Að efla samvinnu milli skólanna
- Að efla samvinnu og samskipti leik- og grunnskóla, tónlistarskóla eftir atvikum og annarra stofnana s.s. heilsugæslustöðvar, dvalarheimilis, kirkju og bókasafns.

ÖRYGGI

- Halda áfram umferðarfræðslu m.a. í samvinnu við lögreglu.
- Fræða nemendur og starfsfólk um slysaættur, slysavarnir og skyndihjálp.
- Kappkosta að húsnæði skólanna, lóðir þeirra og nánasta umhverfi séu eins örugg og hægt er.

STUÐNINGUR

- Viðhalda góðum og jákvæðum samskiptum við heimilin.



B. Verkefni Leikskólans Sólvalla:

SAMVERA

- Hafa góð samskipti við heimilin um nemendur, með daglegum samskiptum, ferlimöppum og foreldraviðtölum/fundum.

STUÐNINGUR

- Efla hvern einstakling til góðra samskipta, vináttu og virðingar.

Tími: Gerð áætlun um tímasetningar verkefna, í tengslum við gerð skóladagatala í september og janúar á hverju skólaári. Í fyrsta sinn með hliðsjón af fjölskyldustefnu fyrir skólaárið 2006 – 2007.

Ábyrgð: Leikskólastjóri.

C. Verkefni Grunnskóla Grundarfjarðar:

SAMVERA

- Hafa spila- og skemmtikvöld fyrir nemendur, ættingja og vini.
- Taka þátt í að skipuleggja alþjóðlega trúar- og menningar-daga.
- Hafa góð samskipti við heimilin um heimanám og foreldrafundi.

ÖRYGGI

- Fylgja eftir Olweusaráætlun.

STUÐNINGUR

- Efla hvern einstakling til jákvæðrar sjálfsstyrkingar.

Tími: Gerð áætlun um tímasetningar verkefna, í tengslum við gerð skóladagatala hvers skólaárs. Í fyrsta sinn með hliðsjón af fjölskyldustefnu fyrir skólaárið 2006 – 2007.

Ábyrgð: Grunnskólastjóri.



Hugmyndir að verkefnum:

- Eldri borgarar gætu t.d. komið með námskeið í leikskóla og/eða grunnskóla og kennt og eflt íslenskukunnáttu barna, með kenningu í að kveða að, að kasta fram vísu og einnig spilamennsku sem er að tynast niður, sbr. Marías, Svarti Pétur o.fl.
- Fá foreldra og afa og ömmur í skólana til að segja frá störfum sínum og lífi.
- Börn/unglingar gætu kennt eldri borgurum á tölvur.
- Börn/unglingar gætu tekið að sér snjómokstur og garðslátt fyrir eldri borgara.



4.1.4 Stuðningur við barnafjölskyldur

Barnafjölskyldum verður gefinn kostur á að dreifa greiðslum s.s. vegna tónlistarskóla.

Tími: Frá og með hausti 2006.

Ábyrgð: Skrifstofustjóri.



4.1.5 Atvinnulíf

Kannaður verður áhugi fyrirtækja á að taka þátt í eflingu fjölskylduvæns samfélags og stefnt að sameiginlegri yfirlýsingu um verkefni þar að lútandi.

Tími: Yfirlýsing og aðgerðaáætlun liggi fyrir í mars 2007.

Ábyrgð: Bæjarstjóri í samvinnu við atvinnufyrirtæki, stéttarfélag og leik- og grunnskólastjóra.



Hugmyndir að verkefnum:

- Haldinn verði einn skipulagður kynningardagur á ári á vinnustöðum „Börnin með í vinnuna“.
- Fyrirtæki ráði ungt fólk í sumarvinnu eftir því sem kostur er.
- Börn geti heimsótt vinnustaði foreldra á skilgreindum tímum, eftir reglum hvers fyrirtækis.
- Skoðuð verði tækifæri sem felast í framlagi vanmáttugra til umhverfisverkefna, aukinni þátttöku í félagsstarfi og ýmis tækifæri tengd sögu og menningu – og fleiri verkefni.
- Fyrirtæki marki sér stefnu um sveigjanleika á vinnustað, sjá fræðsluefni á heimasíðu verkefnisins „Hið gullna jafnvægi“, www.hgj.is.
- Leitað verði leiða til að samræma skólastarf og vinnutíma þannig að henti jafnt fyrirtækjum, skólum og fjölskyldum.

4.2 Fjölbreytt félagsstarf fyrir alla aldurshópa



4.2.1 Félagasamtök

Félagasamtökum, þ.á m. ípróttafélögum, verður boðin þátttaka í mótun og framkvæmd verkefna sem lúta að kjarna fjölskyldustefnunnar. Reynt verði að tímasetja viðburði á vegum félagasamtaka þannig að þeir skarist ekki.

Tími: Boðið verði til samráðsfundar haustið 2006.

Ábyrgð: Ípróttá- og tómstundanevnd í samstarfi við fræðslu- og menningarmálanefnd.



Hugmyndir að verkefnum:

- Haldnar verði fjölskyldusamkomur þar sem börnin eru í öndvegi með stuðningi foreldranna, s.s. eins og jólaböll.
- Barnadagur, þar sem fjölskyldurnar setja börnin í forgang í einn dag. Samverustundir, möguleg útfærsla; sláturgerð, kleinubakstur, undirbúa þorrlót, læra af eldri kynslóðum það sem við viljum ekki að tapist.
- Sameiginlegur kynningardagur félagasamtaka.
- Samstarf um viðburði þar sem það á við, s.s. jólatrésskemmtanir, aðventudaga og þess háttar.
- Komið verði á fót stöðu afþreyingar- og menningarstjóra.



4.2.2 Unglingar

Komið verður á fót skipulögðu tómstundastarfi fyrir aldurshópin 16 – 20 ára og það mótað í samvinnu við notendur.

Tími: Hefjist haustið 2006.

Ábyrgð: Tómstunda- og forvarnafulltrúi Snæfellinga í samstarfi við íþrótt- og tómstundanefnd.



Hugmyndir að verkefnum:

Í tómstundahúsi ungs fólks verði hægt að vera í ljósmyndaklúbbi, fara á kaffihúsakvöld, í leiklistarklúbb, tefla, spila bridge eða félagsvist, halda tölvuleikjakvöld, diskótek, gera stuttmyndir, hafa hljómsveitæfingar og margt fleira.....

- Fundin uppbyggileg áhugamál fyrir unglunga sem eru ekki í íþróttum.
- Forvarnir eru eitthvað sem þarf að passa að sé alltaf í gangi og getur snúið að:
 - Vímuefnum, kynfræðslu, fræðslu fyrir foreldra t.d. um einkenni eiturfjaneyslu.
- Gott að fá fólk með „sorgarsögur“ til að vekja athygli á málunum.



4.2.3 Eldri borgarar

Gerður verður samstarfssamningur við Félag eldri borgara sem nái m.a. til eftirtalinna atriða:

- Afnot af húsnæði til félagsstarfs og afþreyingar og framlag til félagsstarfsemi.
- Reglubundið föndurstarf fyrir eldri borgara.

Tími: Samstarfssamningur undirritaður fyrir starfsárið 2007 og endurskoðaður árlega.

Ábyrgð: Bæjarstjóri.



Hugmyndir að verkefnum:

- Mögulegt verði fyrir eldri borgara að stunda sund og sundleikfimi allt árið.
- Auka mætti afþreyingu fyrir eldri borgara, t.d. minigolf, spilasal, tölvukennslu, keilu, leikfimi, dans, skák, létt smíðaaðstöðu, söng, kveðskap, málaratrönnur, fönduraðstöðu og veðurklúbb.
- Boðið verði upp á sérstök námskeið fyrir eldri borgara, t.d. ensku, tölvukennslu og spænsku.
- Vinnuframlag eldri borgara verðinýtt vegna fjárfjaröflunar eða uppbyggingar á vegum Félags eldri borgara.

4.2.4 Íþrótt- og útivistaraðstaða



A. Við hönnun og framkvæmdir við íþrótt- og útivistaraðstöðu eru kostir meðal annars metnir út frá því að aðstaðan bjóði upp á samveru fjölskyldunnar og fjölbreytt not mismunandi aldurshópa. Sérstaklega verður hugað að ferlimálum. Unnið verður með notendum, þar sem það á við.

Tími: Við hönnun og framkvæmdir hverju sinni.

Ábyrgð: Bæjarstjórn í samvinnu við íþrótt- og tómstundanefnd, umhverfisnefnd og skipulags- og byggingarfulltrúa.



B. Í tengslum við að komið verður á innra eftirliti með leiksvæðum og leikvallatækjum verður gerð heildstæð áætlun um staðsetningu, gerð og reglulega endurnýjun. Íbúum í hverfum verður boðið til þátttöku eftir því sem við á.

Tími: Áætlun liggja fyrir haustið 2007.

Ábyrgð: Umsjónarmaður fasteigna í samstarfi við umhverfisnefnd og skipulags- og byggingarfulltrúa.



Hugmyndir að verkefnum:

- Upplýst útivistarsvæði fyrir börn á öllum aldri, ekki endilega með hefðbundnusniði, t.d. hjólabrettabrautir og svæði þar sem hægt er að línuskauta.
- (Göngu)dagur fjölskyldunnar/fjölskyldudagur í hverfum þar sem unnið er að uppsetningu eða viðhaldi leiksvæða.
- Skógrækt, t.d. í samstarfi við Skógræktarfélag Eyrarsveitar; fjölskyldureitir til skógræktar gefa tækifæri til aukinnar samveru, mynda skjól og gefa rótfesti. Reitir sem fólk ber þá ábyrgð á sjálft.
- Aðstaða og aðkoma við þríhyrninginn verði bætt.

4.3 Nýir Grundfirðingar í fjölmeningarsamfélagi



4.3.1 Nýir íbúar

Grundarfjarðarbær færir nýfæddum börnum í Grundarfirði sængurgjöf í nafni samfélagsins.

Tími: Tekur gildi við upphaf árs 2006.

Ábyrgð: Bæjarstjóri í samvinnu við heilsugæslustöð.



4.3.2 Fjölmeningarsamfélag

Komið verður á fót samstarfsnefnd um fjölmeningarsamfélag sem starfar með það að leiðarljósi að greiða fyrir gagnkvæmum samskiptum og skilningi.

Tími: Bæjarstjórn skipar samstarfsnefnd í kjölfar sveitarstjórnarkosninga 2006.

Ábyrgð: Samstarfsnefnd, sem leitar eftir samvinnu við áhugasama íbúa af ólíkum þjóðernum, Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga, fyrirtæki, skóla, kirkju og heilsugæslustöð.

Hugmyndir að verkefnum:

- *Fjölmeningardagar, „regnbogamessur“, alþjóðakaffi.*
- *Stuðningsfjölskyldur fyrir nýja íbúa sem þess óska, t.d. á vegum félagasamtaka.*
- *Handbók/starfsmaður fræði nýja íbúa um möguleika og tækifæri í samfélaginu. Upplýsingar á fleiri tungumálum en íslensku.*
- *Fræðsla fyrir íbúa af erlendum uppruna og fræðsla til innlendra íbúa um aðra menningarheima.*
- *Fræðsla á vinnustöðum um fjölmeningarsamfélag. „Landnemanámskeið“ í íslensku og um íslenskt samfélag standi til boða.*



4.4 Eldri borgarar

4.4.1 Upplýsingar um þjónustu



A. Efnt verður til kynningardags fyrir eldri borgara um þá þjónustu sem þeim stendur til boða.

Tími: Í fyrsta sinn í janúar 2007 og síðan árlega.

Ábyrgð: Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga í samvinnu við heilsugæslustöð, bæjarskrifstofu, sýsluskrifstofu og Félag eldri borgara.



B. Bætt verður við sérstökum tengli á vefsíðu Grundarfjarðarbæjar þar sem fram koma á einum stað upplýsingar um þjónustu og málefni sem varða eldri borgara.

Tími: Tengill verði orðinn virkur í janúar 2007.

Ábyrgð: Bæjarskrifstofa.

4.5 Umferð og aðgengi



4.5.1 Skilgreind forgangsverkefni

Skilgreind verða brýnustu verkefni í því að stuðla að bættri umferðarmenningu og ferlimálum og þau sett í farveg.

Tími: Áætlun um verkefni liggja fyrir í janúar 2007.

Ábyrgð: Umhverfisnefnd og skipulags- og byggingarfulltrúi.



4.5.2 Áætlun um snjómokstur og hálkueyðingu

Áætlun um snjómokstur og hálkueyðingu miðast við að forgangsraða opnun leiða að helstu þjónustustofnunum, sérstaklega skólum, heilsugæslustöð og dvalarheimili. Áætlunin verður aðgengileg á vefsíðu bæjarins.

Tími: Áætlun er þegar í gildi. Hún verður á vefsíðu bæjarins frá október 2006.

Ábyrgð: Skipulags- og byggingarfulltrúi og verkstjóri áhaldahúss.

Hugmyndir að verkefnum:

- Dregið verði úr hraðakstri með aðgerðum á götum, áróðri og eftirfylgni.
- Haldnir verði sérstakir umferðardagar.
- Á gangstéttum séu fláar fyrir barnavagna og hjól.
- Tryggt verði gott aðgengi að öllum stofnunum bæjarins.
- Félagasamtök gætu tekið að sér snjómokstur og hirðingu garða hjá eldri borgurum, sem fjáröflunarleið.

4.6 Grundarfjarðarbær sem vinnuveitandi



4.6.1 Sveigjanleiki í starfi

Grundarfjarðarbær leitast við að bjóða starfsmönnum sínum sveigjanleika á vinnustað og stuðla að fjölskylduvænu starfsumhverfi fyrir fulltrúa í ráðum og nefndum. Hér er það haft að leiðarljósi að um sé að ræða gagnkvæman hag starfsmanna og bæjarfélags.

- Haldinn verður einn skipulagður kynningardagur á ári „Börnin með í vinnuna“.
- Starfsfólki gefst kostur á sveigjanleika í starfi þegar upp koma tímabundnar aðstæður í einkalífi og með hækkandi aldri.
- Bæjarstjórn leitar leiða til að fundartími á vegum bæjarins falli sem best að þörfum fjölskyldulífs.

Tími: Við samþykkt fjölskyldustefnu.

Ábyrgð: Bæjarstjórn, bæjarstjóri og forstöðumenn eftir því sem við á.



4.6.2 Ákvæði í ráðningarsamningum

Sett verður inn í ráðningarsamninga og starfslýsingar að starfsmenn sem vinna með börnum og unglungum séu fyrirmyndir.

Tími: Við samþykkt fjölskyldustefnu. Verði komið inn í ráðningarsamninga fyrir árslok 2006.

Ábyrgð: Bæjarstjóri og forstöðumenn eftir því sem við á.

5 ÁRANGURSMAT OG EFTIRFYLGNI

Fjölskyldustefnu er ekki hægt að setja í eitt skipti fyrir öll. Virk fjölskyldustefna er í sífelldri þróun. Það tekur tíma að festa hana í sessi og að greina árangur. Eftirfylgni fjölskyldustefnu er í höndum bæjarstjórnar á hverjum tíma.

5.1 Árangursmat

Í allri stefnumótun er nauðsynlegt að staldra við reglulega og meta árangurinn. Eru þau markmið sem sett eru í fjölskyldustefnunni að nást? Horfa þarf yfir sviðið og meta hvernig hefur tekist að efla og standa vörð um mikilvæg verðmæti eins og stefnunni er ætlað.

Ein leið til árangursmats eru svokallaðir vísar sem fyrirtæki og stofnanir nýta sér í vaxandi mæli.

Vísar gegna þeim tilgangi að hjálpa til við að skilja hver núverandi staða er, í hvaða átt er stefnt og hversu langt er í að markmið náist. Vísar geta sagt til um ef vandamál er í uppsiglingu og þar með stuðlað að fyrirbyggjandi viðbrögðum.

Gott dæmi um vísa er blóðþrýstingur, sem er notaður til að segja til um heilsufarsástand.

Nánar er fjallað um vísa í viðauka 6.3.



5.2 Eftirfylgni

Eftirtaldar leiðir hafa verið skilgreindar til að fylgja fjölskyldustefnunni eftir.



5.2.1 Kynning á fjölskyldustefnu

Fjölskyldustefnan verður kynnt m.a. sem hér segir:

- Stefnan er birt á vefsíðu bæjarins.
- Útdráttur úr stefnunni verður birtur í Vikublaðinu þey.
- Haldnir verða kynningarfundir í öllum stofnunum bæjarins.
- Kjarni fjölskyldustefnu verður sendur inn á öll heimili og settur á áberandi stað í öllum stofnunum bæjarins.

Tími: Vor og haust 2006.

Ábyrgð: Bæjarstjóri.



5.2.2 Verkefnayfirlit fjölskyldustefnunnar

Fylgst er reglulega með stöðu verkefna í verkefnayfirliti sem skilgreint er út frá tímasetningum og ábyrgð. Yfirlitið verður aðgengilegt á vefsíðu bæjarins.

Tími: Viðvarandi frá samþykkt fjölskyldustefnu.

Ábyrgð: Bæjarstjóri.



5.2.3 Púlsinn tekinn

Verkefnum fjölskyldustefnu verður fylgt eftir með reglubundnum mats- og eftirfylgnifundum.

Tími: Samkvæmt nánari ákvörðun bæjarstjórnar, auk yfirferðar í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar.

Ábyrgð: Bæjarstjórn/bæjarráð.



5.2.4 Vísar

Metið verður hvort og hvernig skilgreina skuli vísa vegna mats á árangri fjölskyldustefnu.

Tími: Haustið 2008.

Ábyrgð: Bæjarstjórn.



5.2.5 Endurskoðun fjölskyldustefnu

Fjölskyldustefna Grundfirðinga verður tekin til endurskoðunar árið 2010.

Tími: Endurskoðun hefst að hausti 2010.

Ábyrgð: Bæjarstjórn.



6 VIÐAUKAR

6.1 Hlutverk á æviskeiðinu

Hópar sem unnu að mótun fjölskyldustefnu veltu meðal annars fyrir sér hlutverkum hinna mismunandi aldurshópa. Samantekt úr þessum punktum hópanna fer hér á eftir.

Aldurshópurinn 0 - 14

Börn – einstaklingar sem búa undir verndarvæng forráðamanna. Börnin eru á miklu mótunarskeiði, þar sem grunnur er lagður að framtíð þeirra. Börn þurfa að búa við öruggt umhverfi, umhyggju og kærleika. Það þarf að kenna þeim að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, þannig að þau vaxi úr grasi sem heilbrigðir einstaklingar með sterka sjálfsmynd sem í framtíðinni geta orðið góðar manneskjur og nýtir samfélagsþegnar.

Aldurshópurinn 14 – 20

Ungt fólk - flestir búa í foreldrahúsum og eru uppteknir af eigin námi, íþróttaiðkun og félagslífi. Mjög fáir úr þessum hópi eru í fullu starfi, þó að atvinnuþátttaka hópsins sé töluverð. Þessi hópur er á miklu og afdrifaríku mótunarskeiði, þar sem framtíðarmöguleikar einstaklinganna ráðast oft. Flestir velja sér ákveðna leið í lífinu á þessu aldurs skeiði, hvort sem það er meðvitað eða ekki.



Aldurshópurinn 20 - 40

Flestir í þessum aldurshópi setja sér það sem forgangsverkefni að tryggja sér örugga atvinnu til að sjá sér og sínum farborða. Þó er uppeldishlutverkið mjög fyrirferðarmikið. Margir eru í námi, yngra fólk í hópnum er að koma sér á framfæri á atvinnumarkaði og eldra fólk í hópnum er með börn í grunn- og framhaldsskóla. Margir eru virkir í félagsstarfi og íþróttum. Á þessum tíma er fólk almennt að koma sér upp þaki yfir höfuðið. Samanborið við aðra aldurshópa eru fjölskylduaðstæður og húsnæðisþörf fólks í þessum aldurshópi mjög mismunandi og kallar á ólíkar lausnir.

Aldurshópurinn 40 - 60

Þessi aldursflokkur er vaxandi þjóðfélagshópur og hlutverk hans eru talsvert að breytast. Hlutverk þessa aldurshóps sem uppalenda fer vaxandi vegna þess að fólk er almennt orðið eldra en áður þegar það fer að eiga börn. Fólk á þessum aldri á mikla möguleika til virkrar þátttöku í samfélaginu og rými til tómstunda og félagslegrar þátttöku eykst. Margir bæta við sig í námi og er líklegt að þörfin fyrir stuðning á því sviði muni aukast, m.a. með tilkomu framhaldsskóla. Fjölskyldusamvera og fjölbreyttari afþreyingarmöguleikar eru helstu þarfir.

Aldurshópurinn 60 +

Á næstu árum mun eldri borgurum fjölga mjög ört, þ.e. 60 ára og eldri. Jafnframt fjölga þeim í þessum hópi sem búa við góða heilsu og eru með góða starfsorku. Þetta kallar á aukna þörf fyrir útrás fyrir krafta og hæfileika og möguleika á að sinna margvíslegum hugðarefnum. Fólk sem komið er á þennan aldur hefur mikla reynslu sem dýrmætt er að miðla til annarra, sérstaklega barna og unglinga. Aðstæður aldraðra og þarfir fyrir húsnæði og þjónustu miðast nú við það að gera fólki kleift að vera sem lengst á eigin heimilum en fara síðan í þjónustu - leiguíbúðir fyrir aldraða eða á dvalar- eða hjúkrunardeild þegar heilsu fer að hraka.



6.2 Hver er staðan og hvað þarf til?

Á fyrsta fundinum um mótun fjölskyldustefnu var m.a. rætt:

- Hvað er til marks um árangur, þ.e. segir til um það hvort samfélag er fjölskylduvænt?
- Hvernig er staðan í Grundarfirði?
- Hver eru brýnustu verkefni?

Hér fer á eftir samantekt úr umræðu um þessar spurningar.

6.2.1 Hvað er til marks um árangur?

- Gott skólastarf á öllum skólastigum; sérstaða sem gerir það að verkum að skólarnir skara framúr í samanburði við skóla annars staðar.
- Íbúar halda tryggð við samfélagið og hér kýs fólk sér búsetu, kynslóð fram af kynslóð.
- Börn búa við öryggi, frelsi og vellíðan og hafa sess í samfélaginu.
- Bærinn er lítill, sem gerir það að verkum að stutt er í alla þjónustu.
- Atvinna er næg og íbúar njóta atvinnuöryggis.
- Fólk vill flytjast á staðinn en ekki í burtu.
- Félagsstarf og tómstundir koma til móts við þarfir allra aldurshópa.
- Stuðningur og þjónusta er til staðar fyrir þá sem á því þurfa að halda, s.s. sáluhjálp, heilbrigðisþjónusta og löggæsla.
- Allir hafa tækifæri til að njóta hæfileika sinna.
- Íbúar eru jákvæðir og horfa jákvæðum augum á bæinn sinn.
- Aðstæður til að iðka íþróttir og útivist eru góðar.
- Íbúar láta sig samfélagið varða.



6.2.2 Hvernig er að takast til í Grundarfirði?

- Atvinnulífið er sterkt en mætti auka fjölbreytni.
- Hér vantar húsnæði, sérstaklega íbúðarhúsnæði.
- Þurfum að leggja okkur fram við að aðlagast fjölþjóðlegu samfélagi.
- Ekki er nægilega vel staðið að íslenskukennslu fyrir íbúa af erlendum uppruna, hvorki fyrir börn á grunnskólaaldri né fullorðna.
- Bæta þarf íþróttamannvirki.
- Getum gert betur varðandi ásýnd og umhverfismál.
- Ýmis tækifæri felast í atvinnusköpun í ferðaþjónustu.
- Tómstundir barna miðast mest við þá sem stunda íþróttir.
- Fæðingum fækkar.
- Unnið mikið sjálfsþekkingarstarf með unglingum, stelpu- og strákahópar (áður Tilvera).
- Félagslíf er gott fyrir alla aldurshópa en vantar samastað, t.d. fyrir félagsstarf eldri borgara.
- Góð heilsugæsla.
- Löggæsla þarf að vera sýnilegri.
- Dagvistun þarf að vera til staðar strax frá því að fæðingarorlofi lýkur.
- Skólarnir þurfa að hafa meiri sveigjanleika til að takast á við ólíkar aðstæður og sérþarfir nemenda.
- Í skipulagi ætti að huga betur að aðstæðum fjölskyldna, t.d. varðandi leiksvæði í hverfum og nálægð við skóla.
- Smæð bæjarins er kostur, við höfum góða yfirsýn yfir það sem er að gerast.

6.2.3 Hver eru brýnustu verkefni?

- Bæta umhverfi og ásýnd bæjarins.
- Taka vel á móti nýjum íbúum.
- Stuðla að góðri aðlögun að fjölmeningarsamfélagi.
- Bjóða dagvistun frá því að fæðingarorlofi lýkur.
- Styðja við foreldra í uppeldishlutverkinu.
- Skapa tíma og aðstæður fyrir samveru fjölskyldunnar.
- Byggja nýja sundlaug og íþróttahús.
- Auka fjölbreytni í atvinnulífi.
- Auka framboð íbúðar- og atvinnuhúsnæðis.
- Standa vörð um skólastarf.
- Efla félagsstarf ungs fólks, 16 ára og eldri og leggja áherslu á forvarnir.
- Rækta sterka samfélagsvitund og að íbúar séu samstíga.



6.3 Vísar

Helstu einkenni góðra vísa eru:

- Þeir eru gagnlegir vegna stefnumótunar – eru í rökréttu samhengi við innihald hennar.
- Þeir byggja á vísindalegum grunni – eru í samræmi við faglegan grunn.
- Það er hægt að mæla það sem lagt er til grundvallar í vísunum.

Til að meta vísana eru skilgreindir mælikvarðar, sem þurfa að vera þannig að:

- Hægt sé að meta grunnástand.
- Gögnin byggja á mælingum sem hægt er að endurtaka.
- Mæliaðferðir og mælieiningar séu hentugar.
- Tæknilega og fjárhagslega hagkvæmt sé að nota þá.

Sem dæmi um hugmyndir að vísunum sem ræddar hafa verið í stýrihópi má nefna:

Samvera: Að samvera kynslóða sé vaxandi/ekki minnkandi.

Þátttaka: Að þátttaka í viðburðum og félagsstarfi sé mikil og almenn.

Öryggi: Að íbúar upplifi sig örugga í samfélaginu.

Stuðningur: Að formlegur og óformlegur stuðningur sé til staðar og íbúar hafi gott aðgengi að upplýsingum um þann formlega stuðning sem er í boði.

Stýrihópur og hópstjórar

Í stýrihópi sátu eftirtalin:

Björg Ágústsdóttir bæjarstjóri, Dóra Aðalsteinsdóttir, Garðar Svansson og Unnur Birna Þórhallsdóttir. Einnig starfaði Þorbjörg Guðmundsdóttir í stýrihópi í upphafi, fram að fæðingarorlofi.

Ráðgjafarfyrtækið Alta vann fyrir stýrihópinn og var sú vinna að mestu í höndum Sigurborgar Kr. Hannesdóttur.

Hópstjórar voru:

Málefni 0 – 14 ára: Elínborg Sturludóttir og Friðbjörg Matthíasdóttir.

Málefni 14 – 20 ára: Hildur Sæmundsdóttir og Pétur V. Georgsson.

Málefni 20 – 40 ára: Jón Ásgeir Sigurvinsson og Una Ýr Jörundsdóttir.

Málefni 40 – 60 ára: Ingi Hans Jónsson og Shelagh Smith.

Málefni 60 ára og eldri: Kristín Árnadóttir og Tryggvi Gunnarsson. Jóna Ragnarsdóttir aðstoðaði.